

Lög foreldrafélags Engidalsskóla

1. grein. Félagið heitir foreldrafélag Engidalsskóla. Félagar teljast allir forráðamenn skólans.
2. grein. Markmið félagsins er að:
 - Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum
 - Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans
 - Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
 - Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
 - standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska
3. grein. Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:
 - skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk
 - koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál
 - kjósa fulltrúa í skólaráð samkvæmt reglum félagsins
 - standa að upplýsingamiðlun til foreldra
 - veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar
 - styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans
 - taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, Foreldraráð Hafnarfjarðar og landssamtök foreldra
4. grein. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi þess til árs í senn, nýir stjórnarmeðlimir séu kosnir á aðalfundi að jafnaði til 2 ára í senn. Stjórn félagsins skipa sjö foreldrar/forsjáraðilar, æskilegt er að þar af sé einn sem einnig er fulltrúi í skólaráði. Formaður skal kosinn sérstaklega að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Aldrei skulu fleiri en fjórir ganga úr stjórn í einu.
5. grein. Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hverjar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að bekkjarfulltrúar séu kosnir af foreldrum hvers bekkjar fyrir sig í upphafi skólaárs.
6. Grein. Aðalfundur skal haldinn að hausti ár hvert. Stjórn boðar til fundarins í samstarfi við fulltrúa foreldra í skólaráðinu með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins:
Verkefni aðalfundar:
 - Kosning fundarstjóra og fundarritara
 - Skýrsla stjórnar
 - Skýrslur nefnda
 - Lagabreytingar
 - Reikningar lagðir fram til samþykktar
 - Ákvörðun framlags félaga til félagsins
 - Kosning formanns foreldrafélags og annarra stjórnarmanna
 - Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
 - Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði
 - Kosning fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins
 - Önnur mál
7. grein. Stjórn félagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefndar og setur þeim erindisbréf.

8. grein. Formaður boðar stjórnarfund og almenna fundi í félaginu með a.m.k. þriggja daga fyrirvara og aðalfund svo sem fyrir er mælt í 6. gr. Fundur telst löglegur, ef löglega er til hans boðað. Heimilt er þó að boða stjórnarfund með minni fyrirvara en áður er sagt ef brýna nauðsyn ber til. Meirihluti stjórnar þarf þá að samþykkja lögmæti fundarins í upphafi hans til þess að hann teljist löglegur. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á fundum félagsins. Stjórnarfund skal halda minnst fjórum sinnum á ári, þar af tvisvar fyrir jól.
9. Við Engidalsskóla starfar skólaráð í samræmi við 8. og 9. gr. laga nr. 91/2008. Foreldrafélag Víðistaðaskóla velur tvo fulltrúa til setu í skólaráði á aðalfundi foreldrafélagsins.
10. grein. Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og er ákveðið á aðalfundi. Gjaldið er valfrjálst.
11. grein. Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfund og renna þá eignir þess til skólans.
12. grein. Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi 04.10.2022.